Forlagið ehf.
b.t. Egils Arnar Jóhannssonar framkvæmdastjóra
Bræðraborgarstíg 7
101 Reykjavík

Reykjavík, 31. janúar 2020

Efni: Vegna bókarinnar *Síldarárin 1867 - 1969*

Til LOGOS hefur leitað Jón Ólafur Björgvinsson vegna kafla úr bókinni *Síldarárin 1867 – 1969* eftir Pál Baldvin Baldvinsson („bókin"), sem gefin var út af Forlaginu á síðasta ári.

Umbj. minn er búsettur í Svíþjóð, en ættaður frá Siglufirði. Hans helsta áhugamál hefur verið sagnfræðileg heimildarvinnsla, skrif og þýðingar tengdar síldarævintýrinu á Siglufirði. Á bak við þessu áhugamáli liggur þekking á sögu Siglufjarðar, sérþekking á ljósmyndum og ljósmyndavinnslu auk hundruð klukkutíma í ólaunaðri vinnu. Afrakstur þessarar vinnu birtir umbj. minn iðulega á vefsvæðinu *siglo.is* eða *trolli.is*.

Líkt og umbj. minn hefur áður rakið, bæði í grein sem birtist á vefmiðlinum *trolli.is* þann 11. janúar síðastliðinn og í tölvupóstsamskiptum við þig og Pál Baldvin, telur hann að valdir hlutar úr bókinni brjóti gegn höfundarrétti sínum.

Nánar tiltekið vísar umbj. minn til sögunnar *„Sumartúr á Íslandi"* sem birtist á blaðsíðum 751 og 752 í bókinni og til texta sem birtist undir fyrirsögninni *„Úr sænsku jólablaði"* og kemur fyrir á blaðsíðu 839 í bókinni.

Umbj. minn telur hvoru tveggja vera brot á sínum höfundarrétti, þar sem þýðingar hans og heimildarvinna er tekin nær orðrétt upp frá fyrri skrifum hans og annað hvort er heimildar ekki getið eða einungis getið með ófullnægjandi hætti.

A. „Sumartúr á Íslandi"

Sagan sem birtist í bókinni undir fyrirsögninni *„Sumartúr á Íslandi"* er tekin lítið breytt frá vefsvæðinu siglo.is, þar sem umbj. minn birti þýðingu sína á skrifum Edmonds Bäck upp úr frásögn föður síns, Johans Bäck. Þýðing umbj. míns birtist á vefnum þann 9. nóvember 2017, undir fyrirsögninni *„Sagan um Svaninn! Síldarveiðar, landlega og slagsmál o.fl. á Sigló 1935"*. Í heimildarskrá bókarinnar er vísað til sögunnar og segir *„sótt á Siglo.is í júlí 2019"*.

Umbj. minn telur sig vafalaust eiga höfundarrétt yfir þýðingunni, sbr. 1. mgr. 5. gr. höfundalaga nr. 73/1972 („höfundalög" eða „höfl."). Upphaflegur textahöfundur hefur jafnframt höfundarétt yfir textanum, en hafði sérstaklega veitt umbj. mínum leyfi til aðlögunar og birtingar.

Umbj. minn telur tilvísun í verk sína ófullnægjandi. Er t.a.m. ekki gætt að nafngreiningarrétti hans samkvæmt 1. mgr. 4. gr. og 2. mgr. 26. gr. höfl. Þá telur umbj. minn jafnframt að með því að breyta fyrirsögn og framsetningu textans sé brotið gegn höfundaheiðri hans samkvæmt 2. mgr. 4. gr. höfl.

Þá er verkið birt nánast í heild sinni í bókinni og telur umbj. minn því að birtingin gangi lengra en heimilað er samkvæmt 1. mgr. 14. gr. höfl. Samkvæmt því hefði samþykki umbj. míns, auk frumhöfundar, verið nauðsynlegt fyrir birtingu sögunnar í bókinni. Slíkt samþykki hafi ekki legið fyrir.

Bendir umbj. minn jafnframt á að höfundur bókarinnar hefur viðurkennt, í athugasemd undir grein umbj. míns, að mistök hafi verið gerð við frágang bókarinnar og að ekki hafi verið vísað til verks umbj. míns með fullnægjandi hætti. Viðurkennir hann mistök sín, ritstjóra og prófarkalesara í athugasemdinni.

B. „Úr sænsku jólablaði"

Textabrotið sem birtist í bókinni á bls. 839 er sagt koma upp úr sænska tímaritinu *Vi*. Umbj. minn telur hins vegar að textinn í bókinni sé tekinn beint upp úr þýðingu umbj. míns á tilgreindri tímaritsgrein og sem birtist fyrst á vefsvæði siglo.is þann 25. október 2016 undir fyrirsögninni *„Sillstulkor i Siglufjord / Sænsk myndasyrpa frá 1945*".

Telur umbj. minn að þrátt fyrir minniháttar tilfærslur og breytingar á orðalagi sé augljóst að textinn sem birtur er í bókinni sé tekinn beint úr pistli hans, nánast í heild og án leyfis.

Telur umbj. minn að það sé enn sem fyrr brot gegn 1. mgr. 4. gr. og 2. mgr. 26. gr. höfl. Þar sem verkið er tekið upp í bókina í heild sinni hafi jafnframt verið farið út fyrir leyfileg mörk 1. mgr. 14. gr. höfl. og því hefði samþykki umbj. míns þurft fyrir lögmætri birtingu, en þess hafi ekki verið aflað.

C. Niðurlag

Líkt og umbj. minn hefur nefnt í tölvupóstsamskiptum sínum við þig og höfund bókarinnar er hann allur af vilja gerður til að leysa þetta mál í sátt. Hann telur hins vegar að vegið sé að höfundaheiðri sínum og skrif hans misnotuð.

Þar sem umbj. minn telur skýrlega vegið að höfundarrétti sínum er þess krafist að dreifingu bókarinnar verði hætt þegar í stað og af henni verði látið þar til sátt kemst á í málinu.

Verði erindi þessu ekki svarað og dreifingu bókarinnar ekki sannanlega hætt fyrir þann 7. febrúar næstkomandi má eiga von á frekari aðgerðum til fullnustu á rétti umbj. míns, þ.á.m. að farið verði fram á lögbann á dreifingu bókarinnar. Er réttur til skaða- og miskabóta jafnframt að fullu áskilinn.

Vinsamlegast beinið svari við erindi þessu á netfangið hjordis@logos.is.

Virðingarfyllst

LOGOS lögmannsþjónusta

_____
Hjördís Halldórsdóttir, lögmaður